

Hvað éta skógarfuglar?

ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Markmið: Að nemendur tengi saman hvaða tegundir dvelja hvar og hvers vegna, sjái tengslin á milli skilyrða og fæðuframboðs og læri að þekkja hvað einstakar fuglategundir éta og hvers vegna. Eykur þekkingu á umhverfinu og eflir hæfni í greiningu á aðstæðum.

Námsgreinar: Náttúrufræði, lífsleikni.

Aldur: Allir aldurshópar.



VERKLÝSING

Farið í skoðunarferðir, sérstaklega til að kortleggja fæðuframboð einstakra fuglategunda og um leið hvaða fuglar sjást í skóginum. Upplýsingum safnað, fuglar sem sjást skráðir. Leitað að hugsanlegri fæðu þeirra, skordýrum, berjum og fræjum á barr- og lauftrjám.

Mikilvægt er að nemendur læri um hvaða fuglar sækja sér fæðu í skóginn á hvaða árstímum og hvers konar fæðu einstaka tegundir nýta. Einnig að nemendur skilji hvaða áhrif fuglarnir hafa á lífríki skógarins og hvaða hættur geta steðjað að þeim. Unnið er með fugla sem hafa ólíkt fæðuval og viðveru í skógi, s.s. rjúpu, músarrindil, glókoll og skógarþröst.

UNDIRBÚNINGUR, NÁMSEFNI, TÆKI OG TÓL

Nauðsynlegur undirbúningur er að fara í gegnum lífshlaup þeirra fugla sem unnið er með og hvaða þættir skipta máli í fæðuvali hverrar tegundar.

Bækur og annað efni um fugla, skordýr og fræ. Vefurinn **fuglar.is**.

Skriffæri og pappír til að skrá fuglategundir og fjölda, ásamt þeim þáttum sem skipta máli í fæðuvali þessara fugla. Kíkir. Upptökur með hljóðum skógarfugla, t.d. af vefjum eins og Fuglavef Menntamálastofnunar, **fuglavefur.is**, eða erlenda vefnum **xeno-canto.org** sem hefur að geyma hljóð ótal fugla um allan heim.